



Drafnarstígur 9 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / Uppbygging á tómri lóð

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. febrúar 2025 var lögð fram fyrirspurn 365 hf., dags. 28. janúar 2025, ásamt bréfi DAP, dags. 28. janúar 2025, um uppbyggingu íbúðarhúss á lóð nr. 9 við Drafnarstíg, samkvæmt tillögu DAP, dags. 21. janúar 2025. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Loftmynd úr Borgarvefsjá



Skjáskot af ja.is. séð yfir umrædda lóð.

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin íbúðarbyggð.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir reitinn.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á nýju íbúðarhúsi á þremur hæðum sem gerir ráð fyrir allt að fimm íbúðum auk þess sem ris yrði hluti af þriðju hæðinni samanber mynd hér til hliðar.

Fyrirspurnir varðandi uppbygging á lóð nr. 9 við Drafnarstíg hefur frá árinu 2021 verið í skoðun skipulagsfulltrúa, síðast með umsögn skipulagsfulltrú dags. 12. október 2023.

Reiturinn var fullbyggður að mestu fyrir árið 1950. Byggðin er bæði fíngerð, gamalgróin og hluti af eldri byggð í gamla vesturbænum í Reykjavík sem nýtur verndar vegna byggðarmynsturs samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur.

Umrædd lóð er óbyggð og notast í dag sem bílastæði. Tillagan verður að taka tillit til eldri umsagna Skipulagsfulltrúa hvað varðar stærð og umfang. Skoða þarf sérstaklega byggðarmynstrið og skuggavarp á aðliggjandi byggð. Drafnarstígur er lítil gata, með fínlega og lágreista byggð.



Niðurstaða

- Neikvætt með vísan til umsagnar hér að ofan.
- Bent er á að skoða eldri samþykktar umsagnir Skipulagsfulltrúa varðandi uppbyggingu á lóðinni.





Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur